



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1303

FUNDARBOÐ

**1303. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
26. nóvember 2019 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1910189 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - viðbótarframlag eigenda

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 13. nóvember síðastliðinn viðauka nr. 15 vegna viðbótarframlags til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands að fjárhæð kr. 5.998.000. Erindinu er vísað til endanlegrar samþykktar bæjarstjórnar Akraness.

2. 1907134 - Deiliskipulag Stofnanareitur - Presthúsabraut 23

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs 18. júní s.l. var samþykkt grenndarkynning vegna byggingar á nýju húsi á Presthúsabraut 23. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir eigendum við Presthúsabraut 21, 22, 24, 25, 26, 28 og Ægisbraut 15 og 17. Grenndarkynnt var frá 9. júlí til og með 7. ágúst 2019, engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

3. 1911027 - Götuheiti (staðföng)

Í kjölfar deiliskipulags á nýrri reiðskemmu er nauðsynlegt að gata frá Þjóðvegi 51 inn í hestamannahverfið fái nafn þ.a. hægt sé að stofna lóð undir reiðskemmuna. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að nafn götunnar verði Blautós, samkvæmt tillögu frá Hestamannafélaginu Dreyra.

Fundargerðir til kynningar

4. 1901005 - Fundargerðir 2019 - bæjarráð

3392. fundargerð bæjarráðs frá 13. nóvember 2019.

5. 1901006 - Fundargerðir 2019 - velferðar- og mannréttindaráð

115. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 19. nóvember 2019.

6. 1901008 - Fundargerðir 2019 - skipulags- og umhverfisráð

133. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 11. nóvember 2019.

134. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 18. nóvember 2019.

7. 1901007 - Fundargerðir 2019 - skóla- og frístundaráð

117. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 19. nóvember 2019.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.